



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 4. september 2023, fundur hófst kl 18:30.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Sverrir Einarsson formaður, Pétur Örn Sverrisson varaformaður, Kolfinna

Guðmundsdóttir gjaldkeri, Jenny Elisabet Eriksson ritari, Davíð Áskelsson, Gunnar Már Þorðarson,

Haraldur Pétursson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

### 1. Félagshesthús og reiðhöll

VSÓ er að leggja lokahönd á tillögu á teikningu og útfærslu á félagshesthús Sprettis. Davíð er að afla tilboða í félagshesthúsið og reiðhöll til að hægt sé að vinna kostnaðaráætlun. Tillagan verður svo lögð fyrir sveitarfélögin sem „sveit í bæ“.

### 2. Yfirþjálfari

Formaður og Davíð áttu fund með yfirþjálfara, rætt var um áframhaldandi starf og hvernig það gæti þróast etc. Ákveðið að yfirþjálfari komi með tillögu um hvernig hann sjái starfið fyrir sig og hvað þarf til að gera starfið enn betra og skilvirkara.

### 3. Félagar í Spretti

Rætt um hugmyndir til að fá fleiri til að skrá sig í Sprett, félagsskírteini, hallargjald að hluti til innifalið í félagsgjaldi, afsláttur í mismunandi fyrirtæki fyrir sprettara og auka þjónustu á svæðinu.

### 4. Auglýsingar og notkun hallarinnar

Farið yfir auglýsingarnar í Samskipahöllinni, hvað er að endurnýjast og hvað þarf að taka niður. Rætt um hvernig er hægt að auka nýtingu hallarinnar á þeim tíma árs sem hún er minna notuð.

### 5. Rætt um starfsmannamál og starfsmanni á plani.

Rætt um hvað þarf að felast í starfinu, hversu stórt hlutfall það væri og lagt fram tillögur að starfsmanni. Ákveðið að kanna kostnað og hvort viðkomandi hafi áhuga á að taka þetta að sér.

Fundi slitið kl. 20:30.

Fundargerð ritaði Jenny Elisabet Eriksson.